SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2026, miðvikudaginn 18. nóvember var haldinn 444. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, Laufbrekku og hófst kl. 07:39
Mættir: Þorvaldur Daníelsson Reykjavík, Kristín Thoroddsen Hafnarfirði, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir Garðabæ, Magnús Benediktsson Seltjarnarnesi og Valdimar Birgisson Mosfellsbæ.
Jafnframt: Magnús Árnason, Atli Steinn Árnason og Helga Björnsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fara umræður um mögulega áfengissölu í Bláfjöllum að beiðni fulltrúa Seltjarnarness.
   Formanni og skrifstofustjóra Útilífsborgar er falið að afla upplýsinga í samræmi við umræður á fundinum.

   Fulltrúi Seltjarnarness leggur fram svohljóðandi bókun:

   > Það er skref í rétta átt að nefndin haldi áfram að ræða og skoða möguleikann á bjórsölu í Bláfjöllum.

2. Lögð fram umsögn Veðurstofu Íslands dags. 16. nóv. 2026 um verklagsreglur vegna snjóflóðahættu á skíðasvæðinu í Bláfjöllum.

- kl. 08:04 tekur Andri Steinn Hilmarsson sæti á fundinum með rafrænum hætti.

3. Lagt fram áhættumat Skíðaráðs Reykjavíkur ódags. vegna skíðaæfinga á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins.

4. Lagt fram yfirlit um ráðstöfun fjármagns til rekstrartengdrar fjárfestingar í Bláfjöllum árið 2027 að fjárhæð 75.0 mkr.

5. Fram fer kynning á Vetrargarði í Breiðholti.

Fundi slitið kl. 09:00.

Þorvaldur Daníelsson

Andri Steinn Hilmarsson
Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir
Valdimar Birgisson

Kristín Thoroddsen
Magnús Benediktsson